

Van der Heijden gegn Hollandi - Yfirdeild

Dómur frá 3. apríl 2012

Mál nr. 42857/05

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Vitnaskylda. Meðferð refsímáls.

1. Málsatvik

Kærandi, Gina Gerdina van der Heijden, er hollenskur ríkisborgari. Hún fæddist árið 1969 og er búsett í borginni Hertogenbosch. Í maí árið 2004 var hún boðuð sem vitni í sakamáli gegn sambýlismanni sínum sem hafði verið ákærður fyrir manndráp. Kærandi mætti fyrir dómi en neitaði að gefa skýrslu. Kærandi hélt því fram að ekki væri hægt að skylda hana til að bera vitni gegn sambýlismanni hennar þar sem þau höfðu verið í sambúð í 18 ár og ættu saman tvö börn. Einstaklingar sem væru giftir eða í staðfestri sambúð þyrftu ekki að vitna gegn mökum samkvæmt ákvæðum hollenskra réttarfarslaga og eðlilegt væri að hún nyti sama réttar. Þann 2. júní 2004 komust dómstólar að þeirri niðurstöðu að kæranda væri skylt að bera vitni í málinu enda vægju rannsóknarhagsmunir þyngra en hagsmunir hennar af því að bera ekki vitni. Þegar kærandi neitaði að verða við þessari ákvörðun var hún færð í varðhald. Kærandi var leyst úr varðhaldi eftir 13 daga þrátt fyrir að saksóknari færi fram á lengra varðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Í maí árið 2005 vísaði Hæstiréttur Hollands máli kæranda frá dómi. Rökstuðningur hæstaréttar var á þann veg að ákvæði réttarfarslaga væru skýr að því leyti að aðeins þeir sem væru giftir eða í staðfestri sambúð gætu neitað að bera vitni fyrir dómstólum í málum gegn mökum sínum. Öðrum bæri almennt að bera vitni væru þeir kvaddir fyrir dóm. Nauðsynlegt væri að slík ákvæði væru skýr og túlkuð þröngt til að koma í veg fyrir réttaróvissu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að óeðlilegt væri að vernd friðhelgi einkalífs væri háð formlegum skilyrðum á borð við hjúskap eða staðfesta sambúð. Dómstólum hefði borið að veita henni sömu réttindi og aðilum sem væru giftir eða í staðfestri sambúð enda væri samband hennar og barnsföður hennar sama eðlis. Þar sem það var ekki gert taldi hún að brotið hefði verið gegn rétti hennar samkvæmt 8. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Óumdeilt var að samband kæranda og barnsföður félli undir einkalíf hennar. Dómstóllinn féllst því á að skylda kæranda til að bera vitni gegn barnsföður hennar og sambýlismaka hefði falið í sér skerðingu á friðhelgi einkalífs hennar. Skerðingin hefði byggst á hollenskri réttarfarslögjöf og því verið í samræmi við lög og hún hefði auk þess þjónað lögmætu markmiði. Dómstóllinn leit til þess að aðildarríki Evrópuráðsins væru með ólíkar reglur um vitnaskyldu. Veita bæri ríkjum visst svigrúm til mats í þeim efnum. Hvert ríki þyrfti að vega og meta ólíka hagsmuni, annars vegar hagsmuni ákærvalds og almennings og hins vegar hagsmuni vitna og vernd fjölskyldulífs þeirra. Holland var eitt af mörgum ríkjum Evrópuráðsins þar sem aðeins einstaklingar sem uppfylltu ákveðin formleg fjölskylduleg skilyrði voru undanþegnir því að bera vitni. Dómstóllinn taldi að nauðsynlegt væri að slík skilyrði væru vel skilgreind og að skýrt kæmi fram hvaða aðilar væru undanskildir þeirri skyldu að bera vitni og hverjir ekki. Líkt og Hæstiréttur Hollands hafði staðfest var þarlend réttarfarslögjöf skýr að þessu leyti. Að mati dómstólsins var ekkert óeðlilegt við það að ríki takmörkuðu slíkar undanþágur við það að einstaklingar væru giftir eða í staðfestri sambúð. Dómstóllinn féllst ekki á það að samband kæranda og barnsföður hennar hefði lagalega sama gildi og hjónaband eða staðfest sambúð þrátt fyrir að sambandið hefði í eðli sínu verið sambærilegt. Jafnvel þótt ríki á borð við Holland veittu einstaklingum í sömu stöðu og kærandi og barnsfaðir hennar viss réttindi til að mynda hvað varðaði félagslegar bætur, húsaleigubætur og skattlagningu væru málefnaleg sjónarmið fyrir því að aðrar og strangari formreglur giltu hvað varðaði skyldu til bera vitni fyrir dómi í sakamálum enda

miklir almannahagsmunir þar í húfi. Ekkert hafði staðið í vegi fyrir því að kærandi og barnsfaðir hennar giftu sig eða staðfestu sambúð sína með opinberri skráningu. Kærandi hafði hins vegar tekið þá ákvörðun að gera það ekki, og yrði hún að sæta því að þetta hefði tilteknar lagalegar afleiðingar í för með sér. Dómstóllinn taldi að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn yfir kæranda hefði verið í samræmi við lög og þá hagsmuni sem voru í húfi. Með hliðsjón af ofangreindu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Í ljósi þessarar niðurstöðu taldi dómstóllinn ekki þörf á því að taka afstöðu til þess hvort brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans.

Sjö dómarar skiluðu séráliti.